

Fundargerð

Framkvæmda- og veitunefnd Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg fundarsalur
Fundardagur: Þriðjudagur 19. maí 2020
Fundartími: 10:00 – 11:00
Fundarmenn: Árni Eiríksson oddviti
Heimir Rafn Bjarkason
Stefán Geirsson
Brynjar Jón Stefánsson umsjónarmaður fasteigna
Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri

Árni Eiríksson setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Eydís Þ. Indriðadóttir ritaði fundargerð.

1. Erindisbréf:

Farið yfir aðdraganda að stofnun nefndarinnar og erindisbréf.

2. Framkvæmdir og staða þeirra:

Rætt um stöðu framkvæmda í Flóahreppi og hvað er framundan á árinu.

Flóaskóli: Varmadælukynding í Flóaskóla er í undirbúningi og verður borað eftir varma. Styrkur barst frá Orkusjóði 5 milljónir króna. Ekki hefur verið gert ráð fyrir kostnaði umfram það í fjárhagsáætlun Flóahrepps. Eyþór Sigurðsson Verkís, hefur unnið að undirbúningi.

Rætt um niðurrif á elsta hluta Flóaskóla sem ekki er lengur í notkun og leigusamninga á möstrum.

Þjósárver: Brynjar fór yfir stöðu mála í Þjósárveri. Þar er unnið skv. fjárhagsáætlun, einangrun á kjallara er lokið og greinilegur munur á húsvisit í kjallara eftir það. Búið að endurnýja allt rafmagn í húsinu, lagfæra í sturtuklefum. Skipt hefur verið um útihurð og klæðningu þar í kring. Eftir er að skipta um gólfefni á sviðinu. Ráðgert að klára það í sumar. Salerni hafa verið lagfærð eftir þörfum. Skipta þarf um glugga í risi og áætlað að gera það.

Flóaskóli: Flóaskóli í nokkuð góðu standi innanhúss og búið að bregðast við öllum þeim atriðum sem fram komu í skýrslu Eflu frá 2019, en mála þarf glugga að utan. Fara þarf yfir þéttikanta á gluggum og það á við um fleiri hús. Búið að endurnýja utanhússlýsingu og setja í Led.

Félagslundur: Félagslundur er nýmálaður að utan. Nýbúið að ledvæða lýsingu utanhúss. Fyrir liggur tilboð í ný gólfefni í anddyri.

Kynding þar er orðin úrelt. Ákveðið að leita leiða til þess að uppfæra kerfið. Gert verði ráð fyrir breytingum í áætlun ársins 2021

Krakkaborg: Gott ástand á leikskólanum en skipta þarf um pall utan við anddyri á baklóð.

Fylgjast þarf með ástandi á málningu og gæta þess að uppfylla kröfur um heilbrigðiseftirlit og brunavarnir.

Gamla Þingborg: Skipta á um tvo glugga og járn á anddyri Gömlu Þingborgar – Laxastofu í sumar.

Fjárhagur: Farið yfir fjárhagsáætlun og stöðu. Búið er að áætla fyrir viðhaldsframkvæmdum í öllum húsum en eftir er að gera ráð fyrir kostnaði sem fellur á Flóahrepp vegna breytinga á kyndingu í Flóaskóla.

3. Flóaskóli og lóð:

Rætt um framtíðaruppbyggingu við Flóaskóla og staðsetningu á leiktækjum. Ákveða þarf staðsetningu og tilhögun annars vegar á nýju anddyri og hins vegar.

4. Vatnsveita Flóahrepps:

Farið yfir verkferla við nýtingingar og fyrirhugaðar framkvæmdir. Tryggja þarf meira öryggi á því svæði veitunnar sem tilheyrir svæði austan Þingborgar. Oddviti og sveitarstjóri munu eiga fund með Vegagerðinni vegna lagnar með Suðurlandsvegi.

5. Næsti fundur:

Ákveðið að næsti fundur nefndarinnar verði haldinn í Flóaskóla í byrjun júní. Ákveðið að boða Eyþór hjá Verkís til fundarins vegna varmadæluverkefnis og starfsmenn vatnsveitunnar vegna vatnsveitu.